

**Nd.**

**351. Breytingartillögur**

**[101. mál]**

við frv. til laga um Lífeyrissjóð hjúkrunarfólks.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Fyrir „hjúkrunarfólks“ komi: hjúkrunarkvenna.
2. Við 9. gr.
  - a. Orðin „eða hjúkrunarmanna“ í 2. málsg. falli burt.
  - b. Orðin „og hjúkrunarmenn“ í 5. málsg. falli burt.
3. Við 17. gr.
  - a. Orðin „og hjúkrunarmenn“ á tveim stöðum í greininni falli burt.
  - b. Í stað „skyldutryggð“ komi: skyldutryggðar.
4. Við 18. gr. Orðin „og hjúkrunarmenn“ á tveim stöðum í greininni falli burt.
5. Við 20. gr. Orðin „og hjúkrunarmenn“ falli burt.
6. Við 21. gr.
  - a. Orðin „og hjúkrunarmanna“ falli burt.
  - b. Orðin „og/eða hjúkrunarmenn falli burt.
7. Á eftir 21. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Ákvæði þessara laga gilda einnig um karla, er annast hjúkrunarstörf og hafa réttindi til þess samkvæmt hjúkrunarlögum.
8. Við fyrirsögn frv. Í stað „hjúkrunarfólks“ komi: hjúkrunarkvenna.